

**Bergrisinn bs.**

**Ársreikningur 2025**

*Bergrisinn bs.  
Kennitala 570915-0290  
Austurvegi 2, 800 Selfoss*

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8 - 12

*Bergrisinn bs.  
Kennitala 570915-0290  
Austurvegi 2, 800 Selfoss*

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi Bergrisans bs.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögum, í samræmi við lög nr. 38/2018 með síðari breytingum, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Hagnaður Bergrisans var 554 millj. króna á árinu 2025 til samanburðar við 637 millj. króna árið áður. Eigið fé í árslok 2025 var 1.617 millj. króna í samanburði við 1.063 millj. króna árið áður. Heildar eignir í árslok 2025 voru 2.775 millj. króna.

Það er álit stjórnar Bergrisans bs. að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Bergrisans bs. í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun Bergrisans bs., komi fram í ársreikningnum.

Á árinu störfuðu 3 starfsmenn í 2 stöðugildum.

Byggðasamlagið starfar í samræmi við lög um sveitafélög og er eignahlutur hver og eins skilgreindur í samræmi við íbúafjölda þann 1. janúar ár hvert, vísað er í skýringu 16 um nánari sundurliðun og hlutföll.

## Framtíðaráform

Á árinu 2026 mun áfram verða lögð áhersla á að efla þjónustu fyrir notendur á Suðurlandi og stytta biðlista. Nýr búsetukjarni mun rísa á árinu, aðeins tveimur árum eftir að nýjasti búsetukjarninn á svæði Bergrisans var tekinn í notkun. Er því ljóst að kostnaður mun halda áfram að aukast næstu árin og er því mikilvægt að Bergrisinn sýni áfram gott aðhald í rekstri til að mæta nýjum verkefnum.

## Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu félagsins á reikningskiladegi.

Stjórn Bergrisans bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2025 með áritun sinni. Ársreikningurinn er undirritaður rafrænt og eru undirritanir stjórnar aftast í ársreikningnum.

Selfossi, 30. mars 2026

Bragi Bjarnason  
stjórnarformaður

Ása Valdís Árnadóttir  
meðstjórnandi

Eggert Valur Guðmundsson  
meðstjórnandi

Elliði Vignisson  
meðstjórnandi

Sandra Sigurðardóttir  
meðstjórnandi

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Bergrisans bs.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bergrisans bs. fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
  - Rekstrarreikning ársins 2025.
  - Efnahagsreikning 31. desember 2025.
  - Sjóðstreymi ársins 2025.
  - Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð samlaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samlagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi byggðasamlagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum byggðasamlagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning byggðasamlagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samlagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi þess. Stjórnendum byggðasamlagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samlagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi byggðasamlagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samlagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfossi, 30. mars 2026

### **PricewaterhouseCoopers ehf.**

Berglind Hákonardóttir  
löggitur endurskoðandi

Undirritun endurskoðanda er rafræn og er aftast í ársreikningnum.

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýringar	2025	Áætlun	2024
<b>Rekstrartekjur</b>				
Framlög Jöfnunarsjóðs .....		4.197.086.704	3.490.973.694	3.634.899.593
Framlög aðildarsveitarfélaga .....	4	445.332.000	443.370.510	400.986.000
Framlög v/NPA og beingreiðslna .....		90.449.460	90.000.000	0
Aðrar tekjur .....		139.008.978	0	39.484.966
		<u>4.871.877.142</u>	<u>4.024.344.204</u>	<u>4.075.370.559</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Búseta, vinna og virkni - sveitarfélög .....	5	1.494.743.494	1.433.195.577	1.217.481.207
Búseta, vinna og virkni - þjónustusamningar .....	5	1.208.986.652	1.148.038.991	1.283.337.206
Notendasamningar og stoðþjónusta .....	6	1.627.169.231	1.114.490.777	922.354.590
Laun, launatengd gjöld og umsýsla .....	7	43.573.167	51.742.968	45.985.764
Annar rekstrarkostnaður .....		15.960.516	20.483.377	18.302.047
		<u>4.390.433.060</u>	<u>3.767.951.690</u>	<u>3.487.460.814</u>
<b>Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði</b>				
		481.444.082	256.392.514	587.909.745
Afskriftir .....	10	(972.642)	0	(972.642)
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>				
		480.471.440	256.392.514	586.937.103
<b>Fjármagnsliðir</b>				
	8			
Vaxtatekjur .....		94.234.742	0	64.373.251
Fjármagnstekjuskattur .....		(20.731.643)	0	(14.162.115)
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....		(14.424)	0	(11.895)
		<u>73.488.675</u>	<u>0</u>	<u>50.199.241</u>
<b>Afkoma ársins</b>				
		<u><u>553.960.115</u></u>	<u><u>256.392.514</u></u>	<u><u>637.136.344</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýringar	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Fasteign .....		41.823.606	42.796.248
Bifreið .....		623.000	623.000
		<u>42.446.606</u>	<u>43.419.248</u>
Áhættufjármunir:			
Skuldabréf .....	11	18.674.130	18.535.117
<b>Fastafjármunir samtals</b>		61.120.736	61.954.365
<b>Veltufjármunir</b>			
Krafa á Jöfnunarsjóð .....		416.290.237	375.717.387
Skammtímaskuldir .....	12	183.145.135	94.490.903
Aðrar kröfur (endurkræfur vsk) .....		16.121.139	13.372.416
Handbært fé .....	13	2.098.811.710	1.299.651.641
		<u>2.714.368.221</u>	<u>1.783.232.347</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.775.488.957</u>	<u>1.845.186.712</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	14	1.617.039.911	1.063.079.796
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....	15	1.156.319.258	773.926.914
Aðrar skammtímaskuldir .....		2.129.788	8.180.002
		<u>1.158.449.046</u>	<u>782.106.916</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>2.775.488.957</u>	<u>1.845.186.712</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	9, 16		

## Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		553.960.115	637.136.344
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	10	972.642	972.642
Áfallnar óinnheimtir vextir .....	11	(139.013)	(137.979)
		<u>554.793.744</u>	<u>637.971.007</u>
Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða:			
(Hækkun) lækkun skammtímakrafna .....		(131.975.805)	126.563.922
(Lækkun) hækkun skammtímaskulda .....		376.342.130	233.186.080
		<u>244.366.325</u>	<u>359.750.002</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		799.160.069	997.721.009
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		799.160.069	997.721.009
Handbært fé í byrjun tímabils .....		1.299.651.641	301.930.632
<b>Handbært fé í árslok</b>	13	<u>2.098.811.710</u>	<u>1.299.651.641</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Innborgaðir vextir .....		94.095.729	64.235.272
Greiddir vextir .....		(14.424)	(11.895)

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, í samræmi við lög nr. 38/2018 með síðari breytingum, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Upplýsingar um aðildarsveitarfélög og eignarhlut hvers sveitarfélags er að finna í skýringu 16.

Bergrísinn bs er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 3. Samanburðarfjárhæðir

Sammanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs vegna ákvörðunar stjórnar um að óútteildur rekstrarafgangur fyrri ára yrði færður af viðskiptaskuldum á eigið fé.

## 4. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi eru færðar á grundvelli þjónustusamninga við aðildarsveitarfélög og framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Aðrar tekjur samanstanda af styrkjum og sérstökum framlögum. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi.

Framlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig:	2025	2024
Sveitarfélagið Árborg.....	193.924.000	173.447.000
Bláskógabyggð.....	21.240.000	19.078.000
Flóahreppur.....	10.787.000	9.955.000
Grímsnes- og Grafningshreppur.....	9.847.000	8.180.000
Hrunamannahreppur.....	13.471.000	12.528.000
Hveragerðisbær.....	50.282.000	46.179.000
Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....	9.707.000	8.573.000
Sveitarfélagið Ölfus.....	44.205.000	38.733.000
Ásahreppur.....	4.291.000	3.978.000
Mýrdalshreppur.....	16.748.000	15.418.000
Rangárþing eystra.....	31.882.000	28.796.000
Rangárþing ytra.....	29.189.000	27.295.000
Skafthreppur.....	9.759.000	8.826.000
	<u>445.332.000</u>	<u>400.986.000</u>

# Skýringar

## 5. Rekstrarframlög

Framlög til búsetu, vinnu og virkni greinast þannig:	2025	2024
Árborg, Vallholt 9 .....	170.187.960	160.235.003
Árborg, Vallholt 12-14 .....	174.875.447	163.245.479
Árborg, Vallholt 27 .....	145.723.602	97.856.521
Árborg, Álftarimi 2 .....	134.750.581	129.434.317
Árborg, VISS .....	116.835.236	109.812.174
Árborg, Nauthagi 2 .....	207.837.315	123.438.086
Árborg, Kópurinn .....	39.978.473	33.725.248
Árborg, Birkihólar 18 .....	46.826.218	0
Árborg, Birkihólar 16 .....	5.569.451	0
Flúðir, VISS .....	21.204.361	18.597.210
Hveragerði, Birkimörk .....	186.606.356	176.575.618
Hvolsvöllur, VISS .....	37.591.329	24.881.657
Ölfus, Selvogsbraut .....	174.302.017	150.759.037
Ölfus, VISS .....	32.455.148	28.920.857
Sólheimar .....	870.295.000	830.172.000
Skaftholt .....	125.200.767	128.695.266
Klettabær .....	36.731.613	132.962.972
Embla-Andrastaðir .....	48.930.000	83.880.000
Aðrir þjónustusamningar .....	127.829.272	107.626.968
	<u>2.703.730.146</u>	<u>2.500.818.413</u>
Þar af sem hluti af framlögum sveitafélaga .....	1.494.743.494	1.217.481.207
þar af sem hluti af þjónustusamningum .....	1.208.986.652	1.283.337.206
	<u>2.703.730.146</u>	<u>2.500.818.413</u>

## 6. Notendasamningar og stoðþjónusta

Framlög til notendasamninga og stoðþjónustu greinast þannig:	2025	2024
NPA og beingreiðslusamningar .....	694.592.891	410.612.475
Stuðningsfjölskyldur .....	44.052.995	41.327.821
Önnur sértæk þjónusta við börn .....	847.895.000	444.585.000
Einstaklingsstuðningur .....	40.628.345	25.829.294
	<u>1.627.169.231</u>	<u>922.354.590</u>

## 7. Laun, launatengd gjöld og umsýsla

Laun, launatengd gjöld og umsýsla ársins sundurliðast þannig:	2025	2024
Umsýslusamningur .....	0	14.620.978
Laun .....	31.426.267	24.388.661
Laun stjórnar .....	2.685.908	251.763
Bifreiðastyrkir .....	1.139.421	802.628
Lífeyrissjóðsgjöld .....	7.017.374	5.038.641
Önnur launatengd gjöld .....	1.304.197	883.093
	<u>43.573.167</u>	<u>45.985.764</u>

Á árinu störfuðu 3 starfsmenn í 2 stöðugildum.

## Skýringar

### 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar við móttöku greiðslu. Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og annarra krafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskatti og er greiddur fjármagnstekjuskattur því gjaldfærður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

### 9. Tekjuskattur

Starfsemi byggðasamlagsins fellur undir 4. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 og er samlagið ekki tekjuskattsskylt.

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreið	Samtals
<b>Árið 2024:</b>			
Heildarverð í upphafi árs.....	48.632.100	6.230.000	54.862.100
Afskrifað í upphafi árs.....	4.863.210	5.607.000	10.470.210
Afskrifað á árinu.....	972.642	0	972.642
Afskrifað í lok árs.....	5.835.852	5.607.000	11.442.852
Bókfært verð í lok árs.....	42.796.248	623.000	43.419.248
<b>Árið 2025:</b>			
Heildarverð í upphafi árs.....	48.632.100	6.230.000	54.862.100
Afskrifað í upphafi árs.....	5.835.852	5.607.000	11.442.852
Afskrifað á árinu.....	972.642	0	972.642
Afskrifað í lok árs.....	6.808.494	5.607.000	12.415.494
Bókfært verð í lok árs.....	41.823.606	623.000	42.446.606

Fasteignamat fasteignar samlagsins nemur 90,6 m.kr. og vátryggingaverðmæti nemur 87 m.kr.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteign .....	50 ár
Bifreið .....	5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### 11. Skuldabréf

Skuldabréf vegna láns Bergrisa bs. til Sólheima er óverðtryggt og ber 0,75% vexti. Gjalddagi er einn þann 29. janúar 2031. Vextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar og verða innheimtir á gjalddaga skuldabréfsins.

	2025	2024
Staða 1.1. ....	18.535.117	18.397.138
Áfallnir vextir .....	139.013	137.979
Staða 31.12. ....	18.674.130	18.535.117

### 12. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði og sundurliðast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Sveitarfélagið Árborg.....	10.864.000	30.285.730
Hveragerðisbær .....	1.514.000	5.743.000
Sveitarfélagið Ölfus .....	3.273.000	2.685.000
Bláskógabyggð .....	1.044.000	1.846.000
Hrunamannahreppur .....	198.000	1.176.000
Rangárþing ytra .....	653.000	1.471.000
Ásahreppur .....	199.000	282.000
Mýrdalshreppur .....	476.000	1.762.000
Rangárþing eystra .....	1.666.000	1.484.000
Skaftárhreppur .....	3.697.722	5.519.722
Skeiða- og Gnúpverjahreppur .....	611.000	605.000
Grímsnes- og Grafningshreppur .....	1.303.000	476.000
Flóahreppur .....	287.000	859.000
Arnardrangur hses .....	0	3.244.787
Ríkissjóður Íslands .....	128.491.271	12.423.504
Reykjavíkurborg .....	24.628.160	24.628.160
NPA miðstöðin .....	1.088.729	0
Uppgjör einstaklinga v. NPA og beingreiðslur .....	3.151.253	0
	183.145.135	94.490.903

### 13. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af óbundnum bankainnistæðum.

### 14. Eigið fé

Yfirlit um breytingu eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Staða 1/1.....	921.051.254
Óútdeildur rekstrarafgangur fyrri ára.....	142.028.542
Leiðrétt staða í upphafi árs.....	1.063.079.796
Afkoma ársins.....	553.960.115
Staða 31/12.....	1.617.039.911

## Skýringar

### 15. Viðskiptaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði og greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Sveitarfélagið Árborg.....	734.384.745	429.312.282
Bláskógabyggð .....	24.419.953	0
Flóahreppur .....	10.300.000	11.000.000
Grímsnes- og Grafningshreppur .....	5.955.000	0
Hrunamannahreppur .....	2.484.361	2.812.210
Hveragerðisbær .....	101.691.683	181.646.435
Skeiða- og Gnúpverjahreppur .....	5.688.000	10.214.000
Sveitarfélagið Ölfus .....	117.677.117	56.174.441
Mýrdalshreppur .....	18.902.000	17.894.000
Rangárþing eystra .....	23.404.329	10.345.657
Rangárþing ytra .....	42.902.309	45.329.032
Skaftárhreppur .....	5.948.318	0
Sólheimar .....	46.444.000	0
NPA setur .....	5.307.997	0
Yífa ehf .....	0	2.591.000
Lögmenn Suðurlandi ehf .....	229.262	0
Fræðslunetið - símenntun ses .....	0	210.265
Skaftholt .....	9.522.507	0
Sýn hf .....	24.772	0
PricewaterhouseCoopers ehf .....	825.335	519.839
Opin Kerfi hf .....	0	106.454
Klettabær ehf .....	0	3.871.605
EAP ráðgjöf slf .....	0	1.772.459
Aðrir .....	207.570	127.235
	<u>1.156.319.258</u>	<u>773.926.914</u>

### 16. Aðrar upplýsingar

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Eignarhlutur aðildarsveitarfélaga greinist þannig:	1.janúar 2025	1.janúar 2024
Sveitarfélagið Árborg.....	42,8%	41,9%
Bláskógabyggð .....	4,8%	5,0%
Flóahreppur .....	2,6%	2,6%
Grímsnes- og Grafningshreppur .....	2,0%	2,0%
Hrunamannahreppur .....	3,2%	3,2%
Hveragerðisbær .....	11,7%	11,8%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur .....	2,2%	2,1%
Sveitarfélagið Ölfus .....	9,8%	9,8%
Ásahreppur .....	1,1%	1,2%
Mýrdalshreppur .....	3,4%	3,5%
Rangárþing eystra .....	7,3%	7,5%
Rangárþing ytra .....	6,9%	6,9%
Skaftárhreppur .....	2,2%	2,5%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

# Undirritunarsíða

Bragi Bjarnason

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Ása Valdís Árnadóttir

Eggert Valur Guðmundsson

Berglind Hákonardóttir